

7.2.2014

Umhverfis- og samgöngunefnd

Eftirfarandi var fært til bókar í bæjarstjórn Fljótshéraðs þann 5. febrúar sl.

201401016 - Tillaga til þingsályktunar um flutning stjórnsýslu um málefni hreindýra

Lagður fram tölvupóstur frá Alþingi, dagsettur 6. janúar 2014, með umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um flutning stjórnsýslu um málefni hreindýra.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Að tillögu bæjarráðs lýsir bæjarstjórn stuðningi við þær tillögur sem þar koma fram um að málefni er varða hreindýr verði aftur flutt til hreindýraráðs og starfsemi þess verði þar með eflað á Egilsstöðum og Austurlandi. Stjórnun þessara mála hlýtur að byggja mikið á staðbundinni þekkingu og reynslu og því mikilvægt að yfirumsjón þeirra sé sem næst dvalar- og veiðisvæði hreindýranna.

Samþykkt með 6 atkv. en 3 sátu hjá (SBS, ÁK og RRI)

Stefán Bogi Sveinsson lagði fram eftirfarandi bókun Þó ég taki heils hugar undir það meginmarkmið fyrirbyggjandi tillögu að færa stjórnsýslu hreindýraveiða hingað heim í hérað, tel ég þá sýn sem sett er fram um að færa stjórnsýslu málaflokksins til Hreindýraráðs vera óraunhæfa og óskynsamlega. Málið hefur verið til umfjöllunar á vettvangi stjórnar SSA og reikna ég með að þaðan muni koma betur útfærðar tillögur um framtíðarfyrirkomulag hreindýraumsýslu hér í fjórðungnum. Ég kýs því að sitja hjá við afgreiðslu þessa máls nú.

Árni Kristinsson og Ragnhildur Rós Indriðadóttir tóku einnig undir ofangreinda bókun.